

AFLIÐ

FYRIR ÞOLENDUR
OFBELDIS

Um ársskýrslu Aflsins

Í þessari ársskýrslu er farið yfir starfsemi Aflsins og teknar eru saman tölulegar upplýsingar um starfsemina. Tölulegar upplýsingar eru teknar saman einu sinni á ári til þess að greina þörfina fyrir þjónustu samtakanna, þær breytingar sem kunnu hafa orðið á milli ára og til þess að upplýsa samfélagið um það ofbeldi sem er til staðar.

Aflið

Aðalstræti 14, 600 Akureyri

Sími: 461-5959

Netfang: aflidak@aflidak.is

Vefsíða: www.aflidak.is

Ritstjóri: Erla Hrönn Hörpu Unnsteinsdóttir

Ársreikningur: ENOR

Efnisyfirlit

Stjórnarpistill

4

Hugmyndafræði

6

Skipulag og hlutverk

8

Stjórn

Áheyrnarfulltrúi

Framkvæmdarráð

Faglegur ábyrgðarmaður

Framkvæmdarstýra

Teymisstjóri

Ráðgjafar

Þjónusta

11

Einstaklingsviðtöl

Námskeið

Helstu tölur

12

Tölulegar upplýsingar

13

Heildarfjöldi einstaklingasviðtala og skjólstæðinga

Fjöldi skjólstæðinga 2011-2023

Fjöldi nýrra skjólstæðinga og aðsókn á námskeið

Lýðupplýsingar

16

Kyn

Aldur

Skerðing

Þjóðerni

Staðsetning

Ofbeldið

18

Fyrsta brot

Ástæður fyrir komu

Samanburður á ástæðum

Afleiðingar

20

Samanburður á afleiðingum

Aðstandendur

22

Fjármögnun

23



Mynd frá Aðalfundi 2023

Fremstar eru núverandi formaður, Bryndís Símonardóttir og fyrrum formaður, Elín Björg. Fyrir aftan þær eru Lilja Möller (varamaður), Erla Lind (Teymisstjóri), Erla Jónsdóttir (stjórnarmaður), Erla Hrönn (framkvæmdarstýra), Guðlaug (varamaður), Rannveig (fyrrum stjórnarmeðlimur), Aníta (ráðgjafi) og Hilda Jana (stjórnarmaður).

STJÓRNARPISTILL

Frá formanni stjórnar á aðalfundi Aflsins í maí 2023 var kjörin ný stjórn samtakanna. Hin nýja stjórn tók við ákaflega góðu búi með tveimur dugmiklum starfsmönnum og reyndum ráðgjöfum. Stjórnin ákvað að funda reglulega síðdegis fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði og hefur það gengið eftir. Þessir mánuðir hafa verið viðburðarríkir, annasamir og að sama skapi lærdómsríkir. Mjög fljótlega hófst vinna við að gera breytingar á lögum samtakanna, starfslýsingum, verkferlum verktaka og fleiru sem þótti knýjandi að samræma til dagsins í dag, en margt breytist ört í samtökum sem þessum. Sem eðlilegt er mæltust sumar breytingarnar misjafnlega fyrir en hafa þótt gefast vel nú þegar reynsla er komin á þær. Lítil hreyfing hefur verið á ráðgjöfum Aflsins og er það vel, en þó hafa nokkrir nýir komið til starfa. Á síðasta ári var opnuð ný starfsstöð samtakanna á Blönduósi sem hefur mælst afar vel fyrir.

Einnig hófst undirbúningur að opnun enn einnar nýrrar starfsstöðvar, á Siglufirði. Þar hefur verið gerður samningur við ráðgjafa sem nú hefur hafið störf. Annar af tveimur starfsmönnum á skrifstofu Aflsins hefur horfið til annarra starfa. Upp hafa komið hugmyndir um að breyta örlítið til í starfsmannahaldinu og ráða inn fræðslustjóra annars vegar og verkefnisstjóra í auglýsingum/upplýsingagjöf hins vegar, hvort tveggja í hlutastörf. Þetta eigum við eftir að skoða betur en gæti reynst starfinu vel. Í byrjun febrúar var starfsdagur Aflsins og bauð Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir fram krafta sína endurgjaldslaust og fræddi okkur um herferðir og kynningar. Þetta var afar fróðlegt. Starfsmenn Aflsins hafa notað talsvert þúður í að afla fjár fyrir samtökin, en þar er við ramman reip að draga og margir um hituna. Þó hafa samtökunum borist góðar gjafir sem hafa skipt verulegu máli við rekstur þeirra. Formaður Aflsins og starfsmenn hafa sótt málþing og ráðstefnur á árinu.

HUGMYNDAFRÆÐI

Hugmyndafræði Aflsins byggir á áfalla- og þolendamiðari þjónustu. Innan þeirrar hugmyndafræði eru fagaðilar/ráðgjafar meðvitaðir um algengi áfalla og þau áhrif sem áföll og erfið reynsla hefur á virkni einstaklinga. Markmið áfallamiðaðrar þjónustu er ekki að vinna með áföllin sjálf heldur að vinna með erfiðleika og áskoranir einstaklingsins sem komið hafa til vegna áfalla.

Fimm megin gildi einkenna áfallamiðaða þjónustu sem rannsóknir hafa sýnt fram á að sé hvað árangursríkust í starfi með einstaklingum sem hafa áfallasögu. Þau eru öryggi, traust, valdefling, valfrelsi og samvinna.

Áfallamiðuð þjónusta er til að mæta þörfum þeirra sem hafa orðið fyrir áföllum með það að markmiðið að bæta andlega, félagslega og líkamlega líðan þannig að koma megi í veg fyrir frekari heilsufarsvandamál. Um er að ræða einstaklingsmiðaða nálgun, þar sem umræðan um áfall/áföll er opnuð, og farið er yfir einkenni, afleiðingar og úrræði.

Í umhverfi þar sem gildi áfallamiðaðrar þjónustu eru höfð að leiðarljósi skapast aðstæður sem eru höfuðandstæða þess sem einstaklingar með áfallasögu hafa upplifað. Þeir sem hafa upplifað áfall/áföll eiga oftast en ekki erfitt með að treysta fólki og umhverfinu. Nauðsynlegt er að skapa öruggt umhverfi og að gott samband skapist á milli ráðgjafa og einstaklinga sem eiga að einkennast af stöðugleika, eru fyrirsjáanleg og laus við skömm. Með réttri nálgun er hægt að viðhalda skýrum mörkum og eðlilegu valdajafnvægi í samskiptum án þess að andrúmsloft verði þvingandi.

Til að skapa megi traust í áfallamiðaðri þjónustu þarf að koma á skýrum mörkum á milli ráðgjafa og einstaklinga, virða þagnarskyldu nema þegar barnaverndaryfirvöld eiga í hlut og láta þá einstakling vita, og viðhalda opnum og heiðarlegum samskiptum. Þegar þörfum einstaklinga fyrir öryggi, virðingu og samþykki hefur verið mætt er hægt að byggja upp traust. Traust er áunnið og styrkist með tímanum. Einstaklingurinn segir frá á sínum hraða og ekki er pressað á eftir upplýsingum.

Megináhersla skal lögð á að einstaklingar öðlist betri stjórn yfir eigin lífi með því að valdefla hann. Styrkleika nálgun og sjálfstyrking er beitt til að ramma inn neikvæð einkenni og afleiðingar áfalls.

Valfrelsi einstaklinga er mikilvægt að því leiti að með valfrelsi hafa þeir stjórn á eigin bataferli. Ráðgjafar verða ávallt að hafa í huga að einstaklingar eru sérfræðingar í eigin lífi. Lögð er áhersla á að einstaklingar þrói með sér góða tilfinningastjórnun og uppbyggilegar aðferðir til að leysa vandamál/verkefni.

SKIPULAG OG HLUTVERK

Stjórn

Árið 2023 hætti fyrrum stjórn Aflsins öll fyrir utan gjaldkerann, hana Emblu Eir og við tók ný stjórn. Fyrrum stjórn Aflsins hafði sinnt hlutverki sínu í þónokkur ár og viljum við þakka fráfarandi stjórnarmeðlimum Aflsins innilega fyrir störf sín í þágu Aflsins.

Miklar breytingar hafa orðið innan Aflsins eftir að ný stjórn tók við en má þá helst nefna lagabreytingar og verklagsbreytingar.

Á aðalfundi samtakanna 2023 var Bryndís Símonardóttir kjörin formaður samtakanna, Tryggvi Hallgrímsson varaformaður og Embla Eir Oddsdóttir gjaldkeri. Erla Jónsdóttir og Hilda Jana Gísladóttir voru einnig kjörnar í stjórn.

Varamenn stjórnar eru Lilja Möller og Guðbjörg Ingimundardóttir. Samkvæmt nýju lögum Aflsins situr þessi stjórn í tvö ár. Meginhlutverk stjórnar er að sjá til þess að samtökin vinni að þeim markmiðum sem greint er frá í lögum þess.

Endanleg ábyrgð á starfsemi félagsins og ákvörðunarvald liggur hjá stjórn félagsins. Stjórn fundar einu sinni í mánuði og á fundum er farið yfir starfsemina og hvað sé fram undan. Framkvæmdastýra ber ábyrgð á því að leggja fyrir stjórn hvaða verkefni hafa verið unnin og hvað sé í bígerð. Stjórn kýs í þeim málefnum sem krefst kosninga og miðlar upplýsingum og verkefnum til framkvæmdastýru.

Áheyrnarfulltrúi

Árið 2023 var einnig tekið það mikilvæga skref að ráðgjafi Aflsins sæti stjórnarfundi Aflsins sem áheyrnarfulltrúi. Þetta var gert til þess að minnka bilið á milli stjórnar og ráðgjafa og að koma sjónarmiðum ráðgjafa til skila til stjórnar ásamt því að ákvarðanir stjórnar endurspegli hugmyndir og stefnu ráðgjafa hópsins. Ráðgjafar kusu fyrsta áheyrnarfulltrúann árið 2023 og verður hann kosinn á tveggja ára fresti líkt og stjórn Aflsins.

Framkvæmdaráð

Nýkjörin Stjórn Aflsins setti á laggirnar framkvæmdaráð með lagabreytingum á auka aðalfundi samtakanna sem var haldinn árið 2023. Framkvæmdaráð er skipað formanni stjórnar Aflsins, framkvæmdastýru og faglegum ábyrgðarmanni. Til framkvæmdaráðs má skjóta öllum ákvörðunum um starfshætti og daglega umsýslu samtakanna að beiðni stjórnarmeðlima eða ráðgjafa. Framkvæmdaráð getur borið upp stefnumarkandi eða hugmyndafræðilegar tillögur til stjórnar. Framkvæmdaráði ber að tilkynna stjórn um hvað fer fram á framkvæmdarráðsfundum. Ef framkvæmdarráð tekur ákvörðun sem er yfir fjárhagsáætlun þá þarf að bera það undir stjórn.

Faglegur ábyrgðarmaður

Geirlaug Björnsdóttir, fjölskyldufræðingur, þroskaþjálfari og markþjálfari er faglegur ábyrgðarmaður starfsemi Aflsins. Hún situr fundi með ráðgjöfum á tveggja vikna fresti, er með einkahandleiðslu fyrir ráðgjafa og situr einnig í framkvæmdarráði samtakanna. Hún sinnir einnig handleiðslu framkvæmdarstýru og sinnir störfum fyrir stjórn samtakanna sé þess óskað.

Faglegur ábyrgðarmaður er þannig til staðar fyrir alla starfsemi samtakanna og leggur fram hvernig ráðgjöf til þolenda er hagað í samráði við framkvæmdarráð.

Framkvæmdarstýra

Framkvæmdarstýra samtakanna sér um daglegan rekstur samtakanna og fer með mannaforráð.

Framkvæmdastýrunni ber að sjá til þess að rekstur samtakanna sé eftir höfði stjórnar og framkvæmdarráðs ásamt stefnu sjálfra samtakanna. Framkvæmdarstýra starfar þannig afar náið með stjórn og framkvæmdarráði samtakanna.

Teymisstjóri

Árið 2023 var ráðinn annar starfsmaður í samtökin sem starfar undir framkvæmdarstýru.

Teymisstjórinn er hægri hönd ráðgjafa, skipuleggur starf og námskeið t.d. og sér einnig um almenn skrifstofustörf, símasvörun og svarar tölvupóstum.

Teymisstjórinn sér að miklu leyti um að miðla upplýsingum frá ráðgjöfum og til framkvæmdarstýru og öfugt.

Ráðgjafar

Nokkrar breytingar hafa orðið á ráðgjafahóp Aflsins á síðast liðnu ári. Sólveig Erla Valgeirsdóttir lauk störfum sínum og Kristín Snorradóttir hóf og lauk störfum sínum sem ráðgjafi Aflsins. Við þökkum þeim innilega fyrir vel unnin og einlæg störf. Þá var Margaret Anne ráðin sem ráðgjafi Aflsins á Egilstöðum.

Ráðgjafar Aflsins sinna einstaklingsráðgjöf til skjólstæðinga samtakanna og halda námskeið. Ráðgjafar Aflsins eru fjölbreyttur hópur og búa allir yfir sérfræðipækkingu á sínu sviði. Með því að bjóða upp á fjölbreyttan hóp ráðgjafa vonar Aflið að það geti mætt þörfum sem flestra. Ráðgjafar Aflsins deila sinni þekkingu með hvor annarri og eru sífellt að sækja endurmenntun á sviði ráðgjafar.

ÞJÓNUSTA

Einstaklingsviðtöl

Aflið veitir þolendum ofbeldis og aðstandendum þeirra stuðning og ráðgjöf í formi viðtala og námskeiða.

Vinnan sem fer fram hjá Aflinu er sjálfsvinna og felst í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota þann styrk til þess að breyta eigin lífi.

Þeir sem leita til Aflsins gera það á sínum forsendum og stjórna sjálfir ferðinni.

Námskeið

Frá upphafi hefur starfsemi sjálfshjálparhópa verið mikilvægur þáttur innan Aflsins. Hóparnir byggja á því að einstaklingar með svipaða reynslu hittast og ræða um ýmsar afleiðingar ofbeldisins. Tekin eru fyrir ákveðin umræðuefni í hvert skipti. Í hverjum hópi situr svo einn, eða tveir, ráðgjafar Aflsins og halda utan um hópinn. Allir sem taka þátt í sjálfshjálparhópi gera það á sínum eigin forsendum og stjórna sjálfir í hversu mikla sjálfsvinnu þeir fara og/eða hvaða þætti afleiðinganna þeir vinna mest með.

Markmið sjálfshjálparhópana er að einstaklingarnir geti sótt styrk til annarra með svipaða reynslu, til að takast á við þær afleiðingar og erfiðleika sem ofbeldið hefur haft á líf þeirra. Með því að vinna saman í hópi er einangrun þolenda rofin og á þessum vettvangi myndast grundvöllur fyrir að byggja upp traust, sjálfstraust, að standa með sjáflum sér og að læra að þekkja betur eigin tilfinningar.

HELSTU TÖLUR 2023

32%

Aukning á fyrstu viðtölum á milli 2022 og 2023.

61%

Skjólstæðinga Aflsins árið 2023 voru á aldrinum 18-39 ára.

87%

Skjólstæðingar Aflsins árið 2023 voru konur.

28%



Aukning skjólstæðinga sem sóttu námskeið hjá Aflinu á milli 2022 og 2023.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR



Í forviðtali eru einstaklingar beðnir um að fylla út eyðublöð þar sem fram koma upplýsingar um til dæmis kyn, aldur, tekjur og ástæður fyrir komu, ásamt öðru. Allir sem koma til Aflsins hafa val um að fylla út þessi eyðublöð og mega einnig sleppa þeim spurningum sem þeir vilja síður svara. Af þeim 148 skjólstæðingum sem komu til Aflsins árið 2023 svöruðu 133 einstaklingar. Af þeim voru 129 einstaklingar sem svöruðu spurningarlista fyrir þolendur og 4 sem svöruðu sem aðstandendur (það voru fleiri aðstandendur sem leituðu til Aflsins árið 2023 en sérstakur spurningarlisti fyrir þann hóp var ekki settur af stað fyrr en seint á árinu).

Ástæður fyrir því að einstaklingar svara ekki þessum blöðum eru ólíkar en svörun á eyðublaði ekki forsenda þess að fá þjónustu. Hlutföll og tölfræði byggir þess vegna á svarhlutfalli að hverju sinni og í hverjum lið. Spurningarlistanum var einnig breytt á starfsárinu svo ákveðnar spurningar hafa færri svör en aðrar og taka hlutföll mið af því.

Þegar hópar samanstanda af 5 eða færri einstaklingum þá eru upplýsingar um þá einstaklinga ekki birtar, eingöngu vegna persónuverndar sjónarmiða. Þá er einnig mikilvægt að taka fram að hjá Aflinu er einn hópur skjólstæðinga mun stærri en aðrir, en það eru konur. Það eru mun færri karlar en konur sem sóttu þjónustu Aflsins árið 2023 svo gögn karla eru byggð á minna úrtaki. Það er engu að síður niðurstaða út af fyrir sig.

Mynd 1*Fjöldi einstaklingsviðtala 2011-2023.***Mynd 2***Fjöldi skjólstæðinga 2011-2023.*

Árið 2023 voru 298 einstaklingar sem leituðu til Aflsins (sjá mynd 2) og voru tekin 731 einstaklingsviðtöl (sjá mynd 3), sem er aukning frá 2022. Þá er mikilvægt að nefna að fjöldi viðtala hefur breyst mikið á milli ára, en á árunum 2015-2019 var heildarfjöldi viðtala iðulega yfir 1200 viðöl. Á þeim tíma var ekki sama skipulag á starfi og unnið er eftir í dag. Helsta breytingin sem átti sér stað 2020 var breyting á fjölda viðtala sem hver einstaklingur fær. Svo þótt fjöldi viðtala sé ekki jafn hár og þá þá er fjöldi einstaklinga sem sækja þjónustuna ekki færri (sjá mynd 2). Engu að síður þá er aukning í fjölda viðtala á milli áranna 2022 og 2023 er það að öllum líkindum vegna aukinnar aðsóknar, þar sem sama skipulag á starfi var á þessum árum.

Mynd 3*Fjöldi nýrra skjólstæðinga 2011-2023.***Mynd 4***Fjöldi sem sótti námskeið 2011-2023.*

Árið 2023 voru nýir skjólstæðingar Afslins 148 talsins. Nýir skjólstæðingar hafa ekki verið fleiri síðan 2017 en þá voru 149 skjólstæðingar. Aldrei hafa fleiri nýir skjólstæðingar leitað til Afslins en þessi tvö ár.

Árið 2023 voru haldin 4 námskeið sem 18 einstaklingar sóttu. Þau námskeið voru bæði grunnnámskeið og framhaldsnámskeið.

LÝÐUPPLÝSINGAR

Tafla 1.*Kyn*

	Fjöldi	Hlutfall
Kona	111	87%
Kynsegin	2	2%
Karl	13	10%
Skilgreinir kyn á annan hátt	1	1%

Flestir skjólstæðingar Aflsins árið 2023 voru konur eða 87%. Næst stærsti hópur skjólstæðinga var karlar sem voru 9%. Aðrir hópar sem voru tilgreindir náðu ekki lágmarksfjölda til að vera birtir.

Þjóðerni

Flestir merktu við að þjóðerni sitt væri Íslendingur eða 95% þeirra sem leituðu til Aflsins.

Tafla 2.*Aldur við komu*

	Fjöldi	Hlutfall
17 ára eða yngri	1	1%
18-29 ára	49	37%
30-39 ára	31	23%
40-49 ára	22	16%
50-59 ára	12	9%
60-69 ára	7	5%
70 ára eða eldri	2	1%

Tafla 3.*Aldur við fyrsta brot*

	Fjöldi	Hlutfall
0-4 ára	8	19%
5-10 ára	6	14%
11-17 ára	17	40%
18-29 ára	8	19%
30-39 ára	2	5%
40-49 ára	2	5%

Tafla 2 sýnir aldur einstaklinga við komu í Aflið og tafla 3 sýnir aldur einstaklinga þegar það var fyrst beitt ofbeldi. Flestir voru á aldrinum 18-29 ára þegar þeir leituðu til Aflsins árið 2023 eða 37% en 61% einstaklinga voru á bilinu 18-39 þegar þeir leituðu til Aflsins. Í nýja spurningarlistanum er spurt um á hvaða aldri einstaklingurinn var þegar fyrst var brotið á honum. Stærsti hópurinn var á aldrinu 11-17 ára þegar fyrst var brotið á þeim. Flestir skjólstæðingar voru þá undir 18 ára aldri þegar fyrst var brotið á þeim eða 73%. Alls svöruðu 42 einstaklingar þessari spurningu en 90% svara eru frá konum.

Tafla 4.*Búseta einstaklinga sem leita til Aflsins*

	Fjöldi	Hlutfall
Norðurland Eystra	89	74%
Norðurland Vestra	10	8%
Höfuðborgarsvæðið	10	8%
Austurland	8	7%
Suðurnes	2	2%
Vesturland	1	1%
Suðurland	1	1%
Óþekkt	8	7%

Flestir sem nýttu sér þjónustu Aflsins árið 2023 voru frá Norðurlandi eystra eða 73%. Það er aukning frá árinu áður en þá voru 60% einstaklingar frá Akureyri. Þá er einnig aukning í aðsókn frá Norðurlandi Vestra og höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 5.*Einstaklingur skilgreinir sig með skerðingu eða fötlun*

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	94	73%
Já	29	22%
Ekki viss	1	1%

22% þeirra sem leituðu til Aflsins árið 2023 skilgreindu sig með skerðingu eða fötlun. Það er aukning frá árinu 2022 (13%). Orðalag spurningarinnar var mikið breytt á milli áranna svo ekki er hægt að leggja mat á það hvort aðsókn þeirra sem skilgreina sig með skerðingu eða fötlun hafi aukist eða hvort breyting á spurningu hafi skilað sér í réttari svörun.

Tafla 6.*Staða á vinnumarkaði*

	Fjöldi	Hlutfall
Í fullu starfi	44	36%
Öryrki	25	20%
Í hlutastarfi	23	19%
Nemi	17	14%
Heimavinnandi	10	8%
Án atvinnu	6	5%
Ellilífeyrisþegi	5	4%
Endurhæfingarlífeyrir	4	3%
Fæðingarorlof	3	2%
Veikindaleyfi	3	2%


36% þeirra sem leituðu til Aflsins eru í fullu starfi og 55% þeirra sem leituðu til Aflsins 2023 voru í fullu- eða hlutastarfi.

Næst stærsti hópurinn eða 20% þeirra sem leituðu til Aflsins eru öryrkjar.

OFBELDIÐ

Mynd 6


Ástæður sem einstaklingar tilgreina fyrir komu



Liður á fyrstu viðtalsblöðunum sem fjallar um ástæður fyrir komu er fjölvalsspurning. 95% þeirra sem skiluðu almennu forviðtalsblaði svöruðu þessum lið og var minnst svarað með einni ástæðu en mest með 12 ástæðum. Meðalfjöldi ástæðna hjá þeim sem leituðu til Aflsins árið 2023 voru 4 ástæður. Flestir sem komu til Aflsins árið 2023 komu vegna andlegs ofbeldis 74%, kynferðislegrar misnotkunar 42%, ofbeldi í nánu sambandi 47%, nauðgunar 39% og gaslýsing 39%.

Mynd 6

Ástæður fyrir komu skipt eftir kyni.



Tafla 7.

Samanburður á ástæðum karla og kvenna

	Konur		Karlar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Andlegt ofbeldi	82	80%	7	54%
Kynferðisleg misnotkun	44	43%	6	46%
Ofbeldi í nánu sambandi	46	45%	1	8%
Gaslýsing	47	46%		
Líkamlegt ofbeldi	40	39%	1	8%
Nauðgun	45	44%	1	8%
Kynferðisleg áreitni	33	32%	3	23%
Fjárhagslegt ofbeldi	27	26%		
Stafrænt ofbeldi	19	18%		
Einelti	15	15%	2	15%
Ofsóknir (stalking)	16	16%		
Vanræksla	15	15%	2	15%
Aðstandandi	12	12%	1	8%
Nauðgunartilraun	8	8%		
Sifjaspell	6	6%	1	8%
Klám	3	3%		
Vændi	2	2%		
Mansal	1	1%		

Líkt og fram hefur komið þá voru flestir einstaklingar sem sóttu þjónustu Afslins konur. Hér á töflu 5 sést samanburður á ástæðum fyrir komu kvenna og karla í Aflið. Algengasta ástæða komu þessara kynja er andlegt ofbeldi. Ástæður kvenna eru dreifðari og er hærra hlutfall kvenna sem tilgreina hverja ástæðu en konur tilgreindu að meðaltali 4.3 ástæður fyrir komu en karlar tilgreindu að meðaltali 1.9 ástæður fyrir komu. Fjöldi ástæðna hefur fjölgað frá því í fyrra hjá konum (var 3.7 árið 2022) og fækkað hjá körlum (var 2.1 árið 2022).

AFLEIÐINGAR

Mynd 7


Alleiðingar ofbeldis sem einstaklingar tilgreina



Mynd 7 sýnir hvað einstaklingar sem koma í fyrsta sinn í viðtal í Aflið nefna sem helstu afleiðingar ofbeldisins. Flestir upplifðu kvíða (90%), lágt sjálfsmat (83%), ótti/hræðslu (72%) og sorg (70%). Alls var merkt 1235 sinnum við þær afleiðingar sem nefndar eru á spurningarlistanum en 115 einstaklingar svöruðu þessum lið, 106 konur og 13 karlar. Sem sýnir hversu margar afleiðingar hver einstaklingur merkir við en minnst var merkt við 1 atriði og mest við 21. Að meðaltali merktu einstaklingar við 10.4 afleiðingar.

Mynd 8

Samanburður á afleiðingum karla og kvenna



Tafla 7

Samanburður á afleiðingum karla og kvenna

	Konur		Kvinnur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Kvíði	92	87%	12	92%
Lágt sjálfsmat	84	79%	11	85%
Ótti/hræðsla	75	71%	8	62%
Sorg	73	69%	8	62%
Sektarkennd	70	66%	6	46%
Reiði	69	65%	8	62%
Skömm	66	62%	9	69%
Einbeitingarskortur	60	57%	10	77%
Þunglyndi	60	57%	8	62%
Tilfinningadofi	59	56%	8	62%
Svefntruflanir	58	55%	8	62%
Einangrun	50	47%	9	69%
Endurupplifun	46	43%	4	31%
Samskiptaerfiðleikar við nær fjölskyldu	39	37%	6	46%
Líkamlegir verkir	36	34%	2	15%
Samskiptaerfiðleikar almennt	32	30%	5	38%
Erfiðleikar í kynlífi	29	27%	5	38%
Sjálfsvígshugsanir	28	26%	4	31%
Breytt kynlífshegðun	27	25%	6	46%
Sjálfskaði	19	18%	4	31%
Hegðunarvandamál	17	16%	5	38%
Vændi	1	1%		

Konur tilgreindu að þær upplifðu að meðaltali 10.3 afleiðingar (var 10.3 árið 2022) en karlar tilgreindu að þeir upplifðu 11.2 afleiðingar að meðaltali (var 9.6 árið 2022). Kvíði er algengasta afleiðing sem fólk tilgreinir hjá Aflinu óháð kyni og var lágt sjálfsmat næst algengasta afleiðing hjá þessum tveimur kynjum. Mikill munur er á milli ára en t.d. var 33% karla sem merkti við kvíða sem afleiðingu og 90% kvenna árið 2022.

AÐSTANDENDUR

Í lok starfsársins fór Aflið af stað með sérstakann spurningarlista fyrir aðstandendur. Því miður er ekki hægt að birta almenna tölfræði úr þeim spurningarlista vegna persónuverndar sjónarmiða en hér verða nokkrar almennar niðurstöður teknar saman.

1

Þeir sem komu voru annað hvort aðstandendur brotaþola eða bæði brotaþola og geranda. Enginn aðstandandi kom eingöngu sem aðstandandi geranda.

2

Brotaþolar voru fæstir í viðtölum hjá Aflinu þegar aðstandandi kom í viðtal til Aflsins.

3

Aðstandendur töldu samskipti sín við brotaþola vera erfiðari eftir brotið og helmingur sagði að þeir töluðu ekki lengur við brotaþola.

4

Aðstandendur voru flestir tengdir þolendum fjölskylduböndum.

FJÁRMÖGNUN

Árið 2022 fékk Aflið styrki frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum sem skipta samtökin miklu máli. Aflið þakkar þeim innilega fyrir stuðninginn. Stuðningur af þessu tagi er gífurlega mikilvægur þar sem samtökin eru eingöngu rekin á styrkjum. Helstu styrktaraðilar Aflsins 2023 voru VIRK, CCEP, Norðurorka, Kvenfélagið Iðunn, Agora 5, Garðabær, Rebekku Stúka nr. 16 - Laufey, Sjöfn stúka nr. 2 og Vopnafjarðarhreppur.

Aflið gerði samning við Akureyrarbæ um leigu á húsnæði og er leigan styrkur Akureyrarbæjar til Aflsins. Öruggt húsnæði fyrir samtökin hefur skipt miklu máli og þakkar Aflið Akureyrarbæ fyrir það og frábæra þjónustu tengda húsinu.

Aflið er einnig á samning við ríkið til þriggja ára í þeim tilgangi að styðja við og efla starfsemi félagsins gagnvart þolendum ofbeldis. Aflið fær 18 milljónir króna á ári, eða samtals 54 milljónir á samningstímanum og rennur sá samningur út árið 2024. Sá styrkur hefur breytt miklu fyrir samtökin.

Aflið gerði styrktarsamningurinn við Enor árið 2016 en hann felur í sér að ENOR tekur að sér gerð ársreiknings fyrir Aflið og sér um yfirferð á ársreikningi og fjárreiðum samtakanna. Árið 2023 er sjöunda árið sem ársreikningur er unninn af ENOR og með aðstoð þeirra hefur allt utanumhald með reikningum og bókhaldi tekið stakkaskiptum. Aflið þakkar ENOR fyrir þeirra framlag.